



Fundur háskólaráðs 5. október 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 29.09.2006
Dags: 05.10.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

12/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 5. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Fjármál Háskóla Íslands:

a) Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2007.

b) Fjárhagsstaða Háskólans 2006, yfirlit eftir átta mánuði.

Inn á fundinn komu þeir Tryggvi Þór Herbertsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs, og gerðu grein fyrir fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2007 og framlögðu yfirliti um fjárhagsstöðu Háskólans fyrstu átta mánuði ársins 2006. Málið var rætt ítarlega og svöruðu Tryggvi Þór, Gunnlaugur og rektor framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Efling tengsla við atvinnulíf. Mótun fyrirkomulags um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt að óska eftir því við gæðanefnd að hún geri tillögu um útfærslu á fyrirkomulagi akademískra gestastarfa við Háskóla Íslands.

1.3 Möguleg bygging fyrir Listaháskóla Íslands á lóð Háskólans.

Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, og gerði ásamt rektor grein fyrir viðræðum sem átt hafa sér stað að frumkvæði Listaháskóla Íslands um hugsanlega nýbyggingu LHÍ í nágrenni við HÍ. Málið var rætt ítarlega og tóku fulltrúar í háskólaráði almennt mjög vel í þessa hugmynd. Í framhaldinu var rætt almennt um framtíðarskipan skipulags- og húsnæðismála HÍ og töldu ráðsmenn m.a. nauðsynlegt að láta afmarka friðlandið og skilgreina mögulega framtíðar byggingarreiti á lóð HÍ austan Sæmundargötu.

- Samþykkt einróma að óska eftir því við skipulagsyfirkvöld Reykjavíkur að þau afmarki friðlandið á þeim hluta lóðar Háskóla Íslands sem afmarkast af Sæmundargötu,

Hringbraut og Njarðargötu, og skilgreini með hliðsjón af því mögulega framtíðar byggingarreiði á lóðinni.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

a) Stjórn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.

- Samþykkt einróma að framlengja umboð núverandi stjórnar Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum til næsta fundar háskólaráðs.

b) Íslensk málnefnd. Tveir fulltrúar tilnefndir af háskólaráði.

- Samþykkt einróma að tilnefna Sigríði Sigurjónsdóttur, dósent við hugvísindadeild, og Eirík Rögnvaldsson, prófessor við hugvísindadeild, sem fulltrúa háskólaráðs í Íslenskri málnefnd.

c) Tilnefning fulltrúa stúdenta í eftirtaldar nefndir og ráð:

Jafnréttisnefnd

- Samþykkt einróma að skipa Steindór Grétar Jónsson, nema í hugvísindadeild, í jafnréttisnefnd til tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2008.

Gæðanefnd

- Samþykkt einróma að skipa Fjólu Einarsdóttur, framhaldsnema í félagsvísindadeild og formann Félags framhaldsnema í deildinni, í gæðanefnd til tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2008.

Ráð um málefni fatlaðra

- Samþykkt einróma að skipa Friðrik Þór Ólason, nema í félagsvísindadeild, í Ráð um málefni fatlaðra til tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2008.

2.2 Tillögur að nýjum reglum eða breytingum á reglum:

Tillaga starfshóps að verklagsreglum Háskólans um úrræði fyrir fólk með geðraskanir, dags. 26. september 2006.

Rektor kynnti málið og var það rætt.

- Framlagðar verklagsreglur Háskólans um úrræði fyrir fólk með geðraskanir samþykktar með einni breytingu á orðalagi.

2.3 Endurskoðuð greinargerð og tillaga um þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði, sbr. fund háskólaráðs 4. maí 2006.

Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, og gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt og svaraði Halldór framkomnum spurningum.

- Afgreiðslu frestað þar til vinnu við gerð nýs fjárhagslíkans fyrir þverfræðilegt nám er lokið.

2.4 Erindi frá umsækjanda um skrásetningu.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt að fela Þórdísi Kristmundsdóttur, fulltrúa heilbrigðisvísindasviðs, Rúnari Vilhjálmssyni, fulltrúa Félags háskólakennara og Félags prófessora, og Ernu Kristínu Blöndal, fulltrúa stúdenta, að undirbúa ákvörðun háskólaráðs um málið fyrir næsta fund.

3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Kynningarfundur rektors með starfsfólki Háskólans 15. september sl.**
- 3.2 Úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskólans vegna haustmisseris 2006.**
- 3.3 Skýrsla Vinnumatssjóðs 2006.**
- 3.4 Stofnskrá Umhverfis- og orkurannsóknarsjóðs Orkuveitu Reykjavíkur.**
- 3.5 Staða skráninga við Háskóla Íslands 2006-2007, staðan 3. október 2006.**

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 15.10.